



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2020

Efni: Tillögur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum.

Fyrir hönd lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Elin Hrafnisdóttir
aðstoðarsaksóknari

Meðal þeirra breytinga sem frumvarpið leggur til er í 2. gr. lagt til að veghaldara verði veitt sérstök heimild til að leyfa akstur íbúa um göngugötur til og frá lóð þeirra. Sama eigi við um íbúa nærliggjandi gatna ef aðgengi að bifreiðastæðum þeirra er aðeins frá göngugötu. Að mati lögreglu þarf að skýra ákvæðið betur og mögulega útfæra í reglugerð með þeim hætti að gefið verði út opinbert kort sem skráð er á ákveðna bifreið, t.d. á nafn íbúa sem hefur umráð yfir bifreiðinni, og að kortið verði ávallt sýnilegt við framrúðu bifreiðar þegar akstur um göngugötu fer fram svo ljóst sé, ef komi til lögregluafskipta, að viðkomandi hafi heimild til aksturs líkt og er með svokölluð P-kort fyrir hreyfihamlaða. Slík kort þurfa að vera þannig gerð að erfitt verði að falska þau og misnota. Að öðrum kosti verður ómögulegt að halda uppi löggæsluframkvæmd og beita lögreglusektum við akstri um göngugötur þar sem tímafrekt og jafnvel ómögulegt yrði fyrir lögreglu að sanna brot.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki aðrar athugasemdir vegna fyrirliggjandi áforma um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019.